

HÚSÖNDIN

3.tbl. 3.árg.
22.jan. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 23.-29. JANÚAR

- 24.1. Aðalbjörg Birgisdóttir
- 25.1. Sandra Joanna Rogozinska
- 27.1. Valur Hólm Sigurðarson, Hólmgeir Böðvarsson
- 29.1. Margrét Halla Lúðvíksdóttir, Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir, Gústaf Jóhannsson

RAUÐI KROSSINN Í
ÞINGEYJARSÝSLU

OPNUN NÝRRAR BÚÐAR Á HÚSAVÍK

ÞÁ ER LOKSINS KOMIÐ AÐ ÞVÍ!

FIMMTUDAGINN 23.JANÚAR OPNAR RAUÐA KROSS
BÚÐIN Á HÚSAVÍK Á NÝJUM OG GLÆSILEGUM STAÐ
AÐ GARÐARSBRAUT 7

Í TILFNI DAGSINS VERÐUR 50% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM

OPID FRÁ KL. 14-18. KAFFI, KONFEKT OG
KLEINUR Á STAÐNUM

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR,
STJÓRN RAUÐA KROSSINS

FIMMTUDAGINN
23.JANÚAR KL.14-18



Rauði krossinn

**NÝ
LÖG**

*i bland við
hin lögin*

ZUMBA®

ZIN™ VALERIJA KISKURNO

8634436

ZUMBA



Bekkingarnet
Þingeyinga

**BYRJAR
3.FEB**

17:00 - 18:00

Mánudaga / fimmtudaga.

Seigla, Laugum

6 tímar, 3 vikur á 10.000kr

Skráning í síma 464 5100

og ditta@hac.is fyrir 31.janúar

Athugið að verkalýðsfélög endurgreiða oft hluta námskeiðsgjalds, athugaðu málið hjá þínu félagi.



Kæru sveitungar

Jarðböðin loka klukkan 17:30 á laugardaginn, þorrablótsdag.

Kær kveðja frá starfsfólkinu.



Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða sumarstarfsfólk í afgreiðslu og í Kaffi Kviku

Störfin fela í sér afgreiðslustörf, útvakt við lónið, þrif, símvörslu, meðferð á matvælum og annað sem til fellur. Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn og þá verður viðkomandi að hafa gott vald á ensku, bæði í tali og skrifum. Reynsla af afgreiðslustörfum, eldhússtörfum, þrifum og samskiptum við ferðaskrifstofur er mikill kostur. Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til mannauðs- og markaðsstjóra Jarðbaðanna á netfangið ragnhildur@jardbodin.is

Jarðböðin er ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Fyrirtækið var stofnað 2004 og hefur með árunum fest sig í sessi í hjörtum heimamanna og ferðafólks hvaðan af úr heiminum. Jarðböðin er lífandi vinnustaður þar sem metnaður og þjónustulund eru höfð að leiðarljósi og markmiðið er ávallt að tryggja gestum einstaka upplifun.

Morgunþrek

Staðsetning: ÍMS – Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps

Kennari: Linda Björk Árnadóttir

Tímar: Þriðjudaga og fimmtudaga, klukkan 06:15 - 07:15

Lengd námskeiðs: 6 vikur og hefst 4. febrúar

Opnir kynningartímar verða haldnir laugardaginn 25. janúar milli 11:00-12:00 og miðvikudaginn 29. janúar milli 19:00-20:00 þáttakendum að kostnaðarlausu!

Verð fyrir 6 vikur : 16.800,-

Námskeiðislýsing:

Námskeið sem er tilvalið fyrir þá sem vilja styrkjast og bæta þol. Áhersla er lögð á að auka þrek, styrk og liðleika í gengum fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar. Markmið þjálfarans er að gera hverja æfingu að góðri upplifun og auka vellíðan þáttakenda. Lágmarksþátttaka eru 8 manns.

Skráning í síma 869-8830 eða í Facebook skilaboðum.

Linda Björk er að ljúka námi í hóptímakennslu frá Fusion Fitness Academy.

Hlakka til að sjá sem flesta!

Dósasöfnun

Nemendur í 8. - 10. bekk Reykjahlíðarskóla verða með dósasöfnun í næstu viku. Safnað verður mánudag og þriðjudag (27.-28. jan).

Vinsamlega setjið pokana með dósum og flöskum við útidyrnar hjá ykkur ef þið verðið ekki heima á þessum tíma og viljið að þeir verði sóttir.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn

Nemendur